

KÖNNUN meðal félagsmanna FK vegna Covid19

Könnunin var gerð dagana 25.-27. mars 2020.

Svarendur voru alls 130 og er um að ræða fólk sem starfar á ýmsum sviðum innan kvikmyndagerðar. Þar af eru flestir starfandi í tækjadeild, framleiðsludeild, leikstjóradeild og eftirvinnsludeild (sjá skífurit 1). Mikill meirihluti svarenda er sjálfstætt starfandi, lausráðið fólk (freelance) og eigendur smærri fyrirtækja eða einyrkjar (sjá skífurit 5).


Samantekt úr niðurstöðum:

- Nánast allir þátttakendur í könnuninni hafa á undanförunum 8 vikum lent í því að verkefnum er frestað eða hætt við þau. Um er að ræða innlend og erlend verkefni af ýmsum toga, s.s. leiknar myndir, heimildamyndir, seríur, auglýsingar, sjónvarpsefni af ýmsum toga o.s.frv.
- 60% svarenda telja sig ekki geta haldið starfi sínu gangandi lengur en í mánuð vegna tekjumissis í Covid19 faraldrinum.
- 47% telja að samningar (tekjur) muni lækka í kjölfar faraldursins, tæplega 37% til viðbótar eru óvissir um það.
- 53% telja sig munu finna fyrir tekjutapi nú þegar eða innan viku, 34% á innan við mánuði.
- 65% telja sig þurfa aðstoð strax eða innan mánaðar.

Það er átakanlegt að lesa áhyggjur fólks um áhrif þessa ástands á starfsemi þeirra í einstökum svörum.


1. Aðalatvinna (veldu eitt af listanum) // Primary occupation activity (choose one)

130 responses



2. Hversu mörgum verkefnum hefur verið aflýst eða frestað sem tengjast þér, frá febrúar til maí 2020? // How many projects have been cancelled or postponed from February through May 2020? *

130 responses




3. Gefið dæmi um verkefni sem hefur verið frestað eða aflýst // Provide examples of projects that have been postponed or cancelled


130 responses

Þar sem svörin voru mörg eru hér gefin dæmi: Verbúð, Katla, BBC, heimildamyndir, sjónvarpsseríur, raunveruleikapáttur frá USA, Mótorsport, mannlífspáttur, auglýsingar, tónlistarmyndbönd, Vesturport, True North, Netflix, markaðsefni fyrir Icelandair, upptaka / útsendingar á íþróttaviðburðum, upptökur á leiksýningum, Sagaflm Systrabönd, upptökur erlendis, eftirvinnsluverkefni og svona mætti lengi telja.


4. Með minnkandi tekjum eða án tekna, hversu lengi áætlað þú að þú getir haldið starfi þínu gangandi með núverandi/áætluðum launum eða vara...your current/anticipated cash flow or reserves?
130 responses



5. Hvernig skilgreinir þú best stöðu þína í starfi? // What best defines your employment status? *
130 responses




6. Sérð þú fyrir þér breytingar (lækkanir) á samningi/samningum eða á þeim störfum sem þú tekur þér fyrir hendi? // Do you anticipate any reductions of your contract(s) or work activity? *
130 responses




7. Hversu hátt hlutfall er þetta af tekjum þínum? // What percentage of your income does this represent? *

130 responses




8. Hversu brátt munt þú finna fyrir þessu tapi? // How soon will these losses occur?

130 responses




9. Hvað ráðleggur þú stjórnvöldum að gera til að hjálpa kvikmyndagerðarmönnum? (Það má merkja við fleiri en einn reit) // What recommendations d...lp filmmakers? (You can check more than one box) *

130 responses



10. Hversu fljótt þarf þú á aðstoð að halda? // How soon will you need this help?

130 responses



11. Hvað annað værir þú til í að segja okkur er varðar starf þitt sem kvikmyndagerðarmanns og hvaða áhrif þetta ástand hefur á þína starfsemi? // What else would you like to tell us about your work as an filmmaker and how does the present situation affect your practice?

130 responses

Dæmi um svör

- Öll verkefni eru í biðstöðu. Ekki hægt að greiða laun, reikninga né lán í banka.
- Sumum verkefnum er frestað, öðrum er aflýst algjörlega. Þeim sem er frestað munu flest koma á sama tíma um leið og Covid leyfir og þ.m. ómögulegt að sinna þeim öllum.
- Engar fyrirspurnir síðan 12.03.2020 - og það verkefni var hætt við.
- No pay while production is on hold.
- Keðjuverkun, - verk seinka sem hafa áhrif á framtíðarverkefni.
- Það er ekki mikið að segja, annað en að þetta er augljóslega mjög mikil óvissa heilt yfir okkar bransa - og auðvitað fyrir samfélagið í heild. Takk fyrir þetta framtak, að senda út þessa könnun til að athuga stöðuna. Vel gert.
- Eins og staðan er núna er búið að fresta mínu verkefni fram yfir páska. En viðbúist að það verði lengra. Og engin önnur störf sjáanleg.
- Eflum stéttarfélög kvikmyndagerðarmanna.
- Ég er sjálfstæður framleiðandi með kvikmyndatöku hjá Sýn sem stóran þátt í tekjuöflun, sú vinna er alfarið niðurfelld vegna covid-19
- Algjört óvissuástand framundan.
- Þetta hefur einfaldlega þau áhrif að ég hef enga vinnu og engar tekjur. Það kemur samt gluggapóstur ennþá. Mætti alveg páska það eins og allt annað.
- Í mínu tilfelli eru áhrifin ekki komin af fullum krafti enn. Ef allt færi á versta veg gæti ég orðið fyrir helmings tekjutapi þetta árið og það líklega með of stuttum fyrirvara. Í þannig tilviki væri best að aðgengi að fjármagni yrði fljótlegt, án skilyrða og með sveigjanlegum afborgunum á 0% vöxtum yfir langt tímabil til að komast yfir svona skafl. Þar fyrir utan

mætti auka verulega fjármagn samhliða í styrki til kvikmyndagerðar sem er fyrir löngu búið að reikna út að skilar sér margfalt tilbaka út í samfélagið.

- Ekki vænleg staða, hætt við að margir ákveði endanlega að skipta um starfsvettvang.
- Ég verð þvingaður til að vinna í aðstæðum þar sem hætta verður á smiti. Annaðhvort með meðvirkni þvingunum eða verða fyrir fjárhagslegu tjóni.
- Ef verkefnið fer aftur í gang þá stend ég af strauminn en ef ekki þá er ég í vondum málum.
- Ef aukning á styrkum til lókal framleiðslu er sett í gang - þeas til verkefna sem geta snúið sér hratt í framleiðslu - er möguleiki að viðhalda kvikmyndaiðnaði á Íslandi. Þetta á um verkefni sem eru fjármögnuð innanlands, þannig að það þarf ekki að bíða lengi eftir svari frá sjóðum erlendis frá. Lókal þáttagerð eða kvikmyndir með stuttan vinnslutíma. Eykur nýliðun í leikstjórum og fjölbreytni í framleiðslu.
- Starfa hjá framleiðslufyrirtæki, kem ekki nálægt sölu eða framleiðslu en finn mikið fyrir áhrifum af þessu og farinn að hallast að ég þurfi að fara á bætur.
- Það er mikilvægt að hjálpa greininni yfir þennan hjalla og hafa starfsfólk í startholunum að setja í fullan gang þegar aðstæður leifa. Ég tel best að vernda Kvikmyndasjóð og bæta í þar en einnig tryggja fólk úr greininni lífsviðurværi á meðan.
- Búið að vera mjög lítið að gera framan af ári svo maður á engan varasjóð
- It doesn't just affect me, it affects us all. This is my prime source of income.
- Áætlanir, varðandi vinnu og tekjur verða að engu.
- Öll mín verkefni næstu 3 mánuði, öll frekar stór: Einu frestað til júní (átti að hefjast 16. mars sl) og tvö önnur var hætt við. Hef ekki aðra innkomu og búin með varasjóð.
- Þurfti að endurnýja búnað heima til að geta unnið þaðan.
- Þetta er ofsalega erfitt ástand en við sem þjóðfélag getum ekki leyft því að drepa kvikmyndaiðnaðinn.
- Óvissan er algjör og maður fær engin svör.
- Framleiðslufyrirtæki munu nýta sér þetta til að lækka laun fyrst eftir samkomubann.
- Sem kvikmyndagerðarmaður geta fæstir lifað á launum úr faginu, en þurfa að stunda freelance vinnu á öðrum sviðum eins og ferðapjónustu/rútuakstur og leiðsögn. Og ekki er útlitið gott á þeim markaði.
- I fear the industry will be severely hit for a period of a few years with reductions in travel.
- Það er fáránlegt að miða tekjur við síðasta ár, árin hjá verktökum eru mjög mismunandi, ég var mikið í eigin verkefnum (frítt) og með rosalega litlar tekjur 2019 svo ég fæ nákvæmlega ekkert út úr vinnumálastofnun fyrir að vera verktaki. Auk þess hræða öll þessi aukablöð mig sem á að skila inn þar sem ég veit ekki hvort ég er búin að vera að gera framtalið mitt rétt eða borga öll gjöld og hvort ég fái þá bara rosa sekt, gef allt upp á framtalinu einu sinni á ári samt. Það þarf að tryggja grunnframfærslu allra á tímum sem þessum þar sem það er ekki hægt að fá vinnu. Ég var sem betur fer í hlutastarfi hjá

atvinnurekanda og á því 50% réttindi hjá vmst, það þýðir að tekjurnar mínar verða um 140.000 þúsund á mánuði næstu mánuði og ég veit ekki alveg hvernig ég á að lifa það af.

- Þetta hefur áhrif á lokaskilum á verkefnum, upptökunum sjálfum sem og sýningum á verkefnum á heimsvísu
- Mikið óöryggi að vera sjálfstætt starfandi, ef að verkefni verður aflýst þá missi ég tekjurnar of hef engan rétt.
- Þetta er bara í einu orði sagt hræðilegt, og er maður virkilega að þurfa að breyta um starfsvettvang eftir 22 ára starf í greininni ! Ég á erfitt með að kyngja því.
- Hef áhyggjur af fjárhagsstöðunni minni í haust og framtíðar "passion" verkefnum
- Sem verktaki er ég ósýnileg, kem hvergi fram í könnunum. Kvikmyndagerðarmenn eru gerviverktakar .. getum í fæstum tilfellum sent annan fyrir okkur, ráðum ekki okkar tíma sjálf og skrifum undir samning sem í raun stenst ekki vinnulöggjöfina. Það hefur gerst að framleiðendur skipuleggi nætur tölur (12 klst pr dag) í 4 vikur, samkvæmt vinnulöggjöf er ólöglegt að skipuleggja fleiri en 10-12 daga í næturvinnu, ef það er gert þarf vinnueftirlit að koma á staðin og taka út aðstöðu starfsmanna. Óska eftir að það sé valkvætt að vera launþegi eða verktaki.
- Lamar mína starfsemi um óákveðin tíma.
- Tímasetningar varðandi greiðslur tengdur verkefnum okkar sem eru þó í gangi er oft á tíðum óvissar en ástandið núna gerir þetta enn verra þegar greinlega engar nýjar tímasetningar eru staðfestar sem hægt er að reiða sig á.
- Þau verkefni sem hugsanlega fást er ómögulegt að segja nei við, þó að skynsemin segir manni að gera það. Þar sem tekjutrygging er engin fyrir freelance fólk.
- Ég er sjálfstæður verktaki, þetta ástand varð til þess að öll þau verk sem ég átti að vinna á næstunni var annað hvort frestað um óákveðin tíma eða aflýst. Tekjur af kennslu (sem ég vinn í hlutastarfi) redda mér í bili, en duga þó ekki einar og sér til framfærslu.
- Sé ekki fram á að fá tekjur næstu mánuði.
- Devastating and dark.
- sem freelance þá er maður, oftast ekki með nein verkefni, en sækjast eftir verkefnum sem maður fær stundum... en nú eru engin verkefni til að sækjast eftir. Það er erfitt að sjá hver verkefnastaðan er. Það er ekkert on fyrr en það er on.
- Þar sem ég var að klára mynd á síðasta ári, er missirinn aðallega möguleikar á að sýna myndina, hérlandis (úti á landi) og erlendis, en þegar hafa 10 hátíðir ekki orðið af.
- Kvikmyndagerð er yfirleitt ein af fyrstu atvinnugreinum sem leggjast af í kreppu.
- Starf mitt við gerð leikinna kvikmynda, auglýsinga, upplýsinga og fræðiefnis, hefur að mínu mati fært erlendum þjóðum ómældar upplýsingar um land og þjóð, hægt er að segja að kvikmyndagerð á Íslandi hefur á margan hátt kynnt Ísland fyrir heiminum. Við höfum fært Ísland nær þeim heimsbyggðum sem aðrar vörur hafa ekki sbr fisk o.fl.

- Kvikmyndagerð hefur nánast lagst af eins og staðan er í dag og litlar bjargir standa til boða fyrir kvikmyndagerðarfólk.
- Það þyrfti að vera sjóður sem væri aðgengilegur bæði fyrir verktaka og framleiðslufyrirtæki fyrir aðstæður sem krefjast frestunar með stuttum fyrirvara.
- Òvissa og òöryggi.
- Ástandið stöðvar alla framleiðslu og þar af leiðandi möguleika til tekjuöflunar.
- Það er meira að gera hjá mér eftir þetta. Vinn hjá Rúv.
- Þetta hefur áhrif á innkomu um óákveðinn tíma. Hversu lengi er ómögulegt að segja til um.
- Frestun á einu verkefni núna mun hafa áhrif á verkefnastöðu næstu misserin þ.e það sem er fært til núna hefur áhrif að það sem átti að vera framundan á árinu og jafnvel næsta ár
- Það er erfiðast með óvissuna. Þetta setur í gang keðjuverkun af ófyrirsjáanlegum afleiðingum.
- Er 100% atvinnulaus.
- Það er bara allt stopp.
- I Have literally lost 1,4 million kronas in work for 7 conferences.
- The current situation will lead to my business closing if nothing happens within the next three months.

: